

Fyrsti kafli: Spegillinn

Hrafn gekk hægum skrefum í átt að skóginum. Klukkan var að nálgast miðnætti. Hann leit um öxl og horfði í áttina að heimavistarskólanum, Major. Hann leit í áttina að sinni heimavist sem hét Bloody, eða var kölluð það en hét eitthvað annað. Hún var bara kölluð það því að þar er sagt að Bloody Mary gangi aftur. Það vissu allir í skólanum söguna um Bloody Mary. Um drottninguna sem drap fullt af fólki, en var svo sjálf drepin af einhverjum karli. Svo var sagt að ef maður myndi kalla nafnið hennar þrisvar sinnum og snúa sér í þrjá hringi fyrir framan spegil í dimmu herbergi með aðeins kertaljós fyrir ljós, myndi hún birtast hún fyrir aftan vinstri öxl þína í speglinum og drepa þig. En það var náttúrulega bara hjátrú. En það sagði Hrafn þegar hann var spurður hvort að hann tryði



Þessari sögu. Strákarnir gerðu grín af honum og fyrst að hann sagðist ekki trúna henni, mönuðu strákarnir hann til að fara út í skóg fyrir miðnætti, því að þegar klukkan var nákvæmlega 00:05 átti Bloody Mary að birtast ef maður kallaði á hana þrisvar sinnum og hoppaði í hringi. Meðan Hrafn hugsaði um þetta gekk hann hægum skrefum í áttina að skóginum sem umlék skólann allan. Hann fann fyrir kuldanum frá vasaljósinu undir peysunni sinni, þar sem hann hafði stungið því svo að strákarnir myndu ekki sjá það. Hrafn leist ekkert rosalega vel á blikuna þar sem hann var smá myrkfælinn. En samt stóð hann hér við skógarjarðið, skjálfandi á beinunum með vasaljós og krossinn sem amma hans gaf honum. Hann leit í áttina að skólanum einu sinni enn áður en hann myndi hverfa sjónum hans þegar hann gengi inn í skóginn. Í glugganum á Bloody heimavistinni héngu strákarnir og góndu á hann. Þeir voru allir flissandi og pískrandi. En þarna var líka ein stelpa. Það var hún Gunna. Stelpan sem hann

elskaði, hún var með dökk brúnt hár og blá augu. Gunna var í hvítum náttkjól með blúndukraga um hálsinn og blúndur á ermum. Hún horfði á hann með áhyggjusvip. Hún mátti ekki sjá hann guggna á þessu. Hrafn hafði kynnst Gunnu fyrsta daginn í skólanum og urðu uppfrá því góðir vinir og voru að auki herbergisfélagar. Nú var hann svo ágengur við að sjá Gunnu að hann nánast hljóp í áttina að skóginum. Hann var kominn dálítið langt inn í skóginn. Hrafn heyrði í fjarska stóru klukkuna í skólanum klingja um merkis um að klukkan væri orðin 00:00. Hann skalf af hræðslu og beið með öndina í hálsinum síðustu mínúturnar. Hann kyrjaði allar þær bænir sem hann kunni á meðan hann beið. Bæði á íslensku, ensku og já meira að segja á latínu. Svo leit hann á klukkuna, hún var fjórar mínútur yfir. Nú byrjaði hann að hoppa í hringi og kyrjaði nafnið eins og það væri það eina sem hann kunni. Bloody Mary, Bloody Mary, Bloody Mary. Á meðan Hrafn muldraði þetta hélt hann þétt um

krossinn sem hékk utan um hálsinn. Þegar hann var búinn að þessu stoppaði hann og rýndi inn í skóginn. Allt í einu tók eitthvað að birtast hægt og rólega. Það var mjög bjart eins og sólarljós. Hann vissi ekki hvaðan það kom en það varð bara skærara og skærara, svo varð allt svart. Í fyrstu sá hann ekki neitt. En svo sá hann það. Dauf birta þarna rétt fyrir framan hann. Þarna var spegill, en það var ekkert í honum. Hrafn sá ekkert nema sjálfan sig. Hann sá svarta hárið og brúnu augun, sem hárið var alltaf ofan í. Hann sá líka dökkbláar gallabuxur, sem búið var að brjóta upp á neðst og rauðu og bláu peysuna sína, en svona var skólabúningurinn. Hrafn leit aftur í spegilinn og hélt að þetta hefði mistekist og ætlaði að ganga í burtu. En þegar hann leit bakvið vinstir öxl sína í speglinum stóð einhver þar. Hann leit leiftur snöggt aftur fyrir sig og skimaði eftir menneskjunni sem hann hafði séð í speglinum. En það var enginn þar. Svo leit hann aftur í spegilinn og þar stóð hún enn. Ljóta konan sem hann sá fyrst. Hún var með kolsvart

hár sem haldi allt andlit hennar nema það sást
aðeins í augu hennar. Hún var í slitnum og
götóttum kjól, sem eitt sinn hafði ábyggilega
eitt sinn verið rosalega fallegur með löngum
ermum, en núna voru ermarnar rifnar af og
kjólinn var bara ein blóðsletta. Hvert sem Hrafn
leit voru blóðslettur. Þarna var hún... sjálf
Bloody Mary.





Kaflí tvö: Gunná er vlnur í raunu

Hann öskraði af lífs og sálar kröftum , þannig að fuglarnir í næstu trjám þutu upp í loftið og út í nóttina. Hrafn þaut út úr skóginum og í átt að skólanum. Hann vissi að þar var hann öruggur. Hann fann hvernng adrenalínið þaut um æðar hans. Hann hafði aldrei á sinni stuttu ævi verið svona hræddur, hvað þá hlaupið svona hratt. Hann var farinn að gráta úr hræðslu þegar hann komst loks út úr skóginum. Hann sá ljósið frá skólanum, hljóp í áttina að inganginum hjá Bloody heimavistinni og út á gang. Þar sá hann félagá sína sem voru eitt spurningarmerki í framan. Þeir vissu samt að þetta væri ekki rétti tíminn til þess að spyrja, þegar þeir sáu svipinn á honum. Hrafn heyrði fótatak, leit við og sá Gunnu koma hlaupandi til sín. Hún var áhyggjufull á svip, og hún fölnaði smávegis í

andlitinu þegar hún sá svipinn á Hrafni. Hann var snjóhvítur í framan. Hún leiddi hann orðlaust inn í herbergið þeirra. Þar lagði hún hann upp í rúmið og lagðist hjá honum. Hrafn fann hitann frá Gunnu í gegnum sængina. Hann fann núna hvað honum var kalt.

„Ég hefði átt að fara í jakkann“ hugsaði Hrafn með sér, en það skipti ekki máli núna. Meðan þau kúrðu sig saman sagði hann Gunnu frá því sem hafði gerst. Hann treysti henni. Gunna hafði beðið hann um það en hún hlustaði samt af athygli og stoppaði hann aldrei af til að leiðrétta hann, því að hún vissi að fólk sem hafði orðið fyrir áföllum þyrfti að fá að segja frá og tala, það hafði mamma hennar sagt henni einu sinni. Hún þagði bara og hlustaði þangað til hann hafði lokið máli sínu. Ekki leið á löngu þar til Hrafn sofnaði með Gunnu í fanginu, og án þess að ætla sér það, sofnaði hún líka. Um nóttina vaknaði Hrafn oft upp að draumum sínum við sín eigin öskur, og hélt hann þá utan um Gunnu, sem tók um hann á mót, og sagði

henni hvað hann hafði dreymt. En eftir það sofnaði hann aftur. Næsta dag voru allir að spurja Hrafn hvað hafði gerst um nóttina. Hverning allir vissu það , vissi Hrafn ekki, en hann hafði svona hugmynd um það að strákarnir höfðu ekki getað þagað mikið lengur um þetta. Hann talaði ekki við neinn annan en Gunnu þennan dag og hunsaði alla hina. Hrafn gat þraukað í gengnum daga, en þegar dimma tók var ekki séns á að hann væri einn. Gunna svaf alltaf í fangi hans því hann vakanði oft við drauma sína og er það gerðist, sagði hann henni alltaf frá þeim. oftast var það samt bara um það að Bloody Mary væri að elta hann og ofsækja. Svona gekk þetta í næstum heila viku. En eina nóttina, þegar hann vaknaði öskrandi af enn einni martröðinni , sagðist hann hafa dreymt það að fjórar stelpur höfðu verið að prófa Bloody Mary „leikinn“ og hún hafi drepið þær allar nema eina. Gunnu fannst þetta nú heldur betur sérkennilegur draumur. En hún sagði ekki

neitt, og sofnuðu þau aftur og draumurinn
gleymdist.

Þriðji kafli: Hrafn segir frá

Eftir nokkra daga gat Hrafn loksins sagt frá því sem hafði hent hann í skóginum. En samt ekki nema með Gunnu sér við hlið. Hann lýsti því þegar hann hoppaði í hringi og kyrjaði Bloody Mary þrisvar sinnum og séð spegilinn birtast og svo sjálfa Bloody Mary í honum og hverning hann hafði hlaupið út úr skóginum.

„Hann er að ljúga!“ sagði ein stelpan. „Bloody Mary er ekkert til og maður þarf að vera í herbergi en ekki úti í skógi.“ Hrafn leit við til að sjá hver væri eiginlega að tjá sig. Það var Anna. Hún trúði þessu enganveginn, en var samt rosalega hjátrúafull. Hrafn hafði einu sinni verið hrifinn af henni, en samt ekki, ekki eins og hann elskaði Gunnu. Hann var ekkert hissa á að hún væri eitthvað að tjá sig, hún var alltaf að tjá sig um allt og alla.

„Æi fokkaðu þér þarna! Hvað veist þú um það hvort að hann er að ljúga eða ekki, það er ekki eins og þú hafir verið á staðnum!“ Hrafn leit og sá Atla, standa yfir Önnu og horfði illilega á hana. Atli hafði alltaf verið góður vinur Hrafns, og stutt hann í gengum allt. Hann var með brúnt þunnt hár og heldur stærri en Hrafn og þar að auki tveimur árum eldri en Hrafn, sem sagt 16 ára og á næstseinasta árinu í skólanum. En Hrafn skildi ekki hvernig Atli gat látið svona við Önnu. Hann hafði alltaf verið hrifinn af henni. Bara frá því að hann sá hana fyrst. Anna var á sama ári og Atli. Anna var svo sem allt í lagi í útliti. Hún var með ljóst hár, sem var alltaf í brjáluðum krillum. Hún var með græn, stóraugu, vel vaxin og með flottan rass, að margra mati. Um hálsinn gat maður alltaf séð litla silfur skeifu og líka lítinn kross. Skeifan var vörn gegn ógæfu og krossinn gegn illum öndum, svo sagði hún allavegna. Svo voru sögusagnir að ganga um að hún setti alltaf salt, og hvítlauk í gluggakistuna sína áður en hún færi að sofa. En

Það hefur aldrei fundist nein sönnun fyrir því. Atli hafði nú lokið máli sínu og Hrafn leit á Önnu. Hún var undrandi. Svo strunsaði hún burt, sár og reið. En Atli kallaði á hana og hljóp til hennar. Hann baðst greinilega afsökunar því allt í einu kyssti Anna hann beint á muninn. Atli tók utan um hana, svo leiddust þau í burtu og hurfu bakvið hornið.

„Núna verður þetta stærsta umræðuefnið næst vikuna“ hugsaði Hrafn með sér. Gunna horfði á eftir Atla og Önnu, leit svo á Hrafn, greip í hönd hans og leiddi hann á eftir sér út ganginn.

Fjórði kafli: Leyndarmál Gunnu

Um kvöldið þegar Hrafn var kominn upp í rúm og Gunna lögst hjá honum, fóru þau að tala saman. Allt í einu þagnaði Gunna og leit beint í augun á Hrafn og kyssti hann í fyrsta skiptið og án þess að hugsa sig um kyssti hann hana á móti. Allt í einu var bankað harkaelga á hurðina hjá þeim og hurðinni hrint upp. Þau litu undrandi upp og sáu einn af strákunum af heimavistinni sem allir kölluðu Atlandis, því að þar voru aðalega nördar og svoliðis. Hrafn minnti að þessi hétu Guðjón og að hann væri 16 ára en var samt ekki viss.

„Hvað ætli hann vilji hingað?“ hugsaði Hrafn með sér. Venjulega kom enginn úr öðrum heimavistunum hingað. Nema við einhver sérstök tilefni, sem voru afar sjaldan. Guðjón var brjáláður og rauk inn. Hann var sterklega

byggður með breiðar axlir. Honum datt engin ástæða í hug til þess að einhver úr Atlandis kæmi hingað.

„Þú!“ þrumaði hann og benti á Hrafn. „Burt frá stelpunni minni hálfvitinn þinn!!“ Hann virtist vera allveg ægilega reiður. Hrafn skildi hvorki upp né niður um hvað hann var að tala um.

„Stelpunni þinni? Hvað meinar þú með því?“ spurði Hrafn sakleysilega.

„Já stelpunni minni, skiluður ekki mannsins mál Bloody-inn þinn?“ öskraði Guðjón. En krakkarnir á Bloody heimavistinni voru stundum kallaðir Bloody-ar til að niðurlæhja þá.

„Ég er er ekki stelpa þín!“ Æpti Gunna sem hafði ekki sagt orð síðan Guðjón braut upp hurðina. „Ég var ekki einu sinni með þér! Þetta var einn... koss“ Gunna brast í grát. Hrafn var furðu lostinn á svip.

„ *Einn koss? Kyssti hún þennan gæja?*“

„Einn koss?“ Spurði Hrafn. Hann var enn meira undrandi á svip. „Vorðu þið einu sinni saman?“ „
"Nei!.. þetta var bara ein hit-tingur. Þetta var

ekkert meira.“ Kjökraði Gunna.

„Var þetta aldrei samband?“ Núna var komið að Guðjóni að verða undrandi. „En þú, þú kysstir mig...“ sagði Guðjón.

„Já, en það var ekkert endilega samband. Mér fannst þú bara smá sætur“ Sagði Gunna.

„En mér fannst vera svona, svona neistar...“

„Nei, þetta var ekkert meira!“ Æpti Gunna.

„En ef þetta var ekkert meira, því varstu þá alltaf að sms-ast við mig eftir þetta?“

„Sms-ast...? Óóó...“ Sagði Gunna og horfði niður frekar vandræðarleg, en tár láku samt niður kinnar hennar.

„Bíddu, bíddu aðeins. Varst þú að sms-ast við þennan gaur? Hvenær?!“ Spurði Hrafn og var orðinn frekar sár.

„Nei það var ekki ég. Það var Diljá. Hún er skotin í Guðjóni og notaði símann minn til að senda sms-in því hennar sími eyðilagðist... og ég lofa ég er ekki að ljúga.“ Svaraði Gunna. Guðjón virtist ekki trúa því, en svo varð hann eins og tómatgur í framan.

„Er hún Diljá á Bloody heimavistinni skotinn í mér?“ Spurði hann feimnilsega.

„Já hún er það.“ Svaraði Gunna. „og þú ert meira að segja í dagbókinni hennar. En ef þér væri sama þá langar mig og Hrafn að fara að sofa.“

„Ó já afsakið og fyrirgefðu þetta með hurðinna... En áður en ég fer, í hvaða herbergi er Diljá?“ spurði Guðjón „Er hún ekki í 37?“

„Jú, en þú ert ekki að fara að riðjast inn til hennar núna, klukkan er að verða hálf tólf, leifðu henni að sofa í friði“ svaraði Gunna.

„Nei sko ég ætlaði bara að koma henni á óvart á... á morgun“ Bætti hann snöggur við þegar hann sá svipinn á Gunnu. Hann fór og lokaði á eftir sér.

„Kysstust þið?“ spurði Hrafn þegar þau voru orðin ein.

„Æi, þetta var bara einn koss, bara hittingur og það var fyrir löngu síðan. Svo finnst mér hann ekkert sætur núna. Langt í frá að vera eins sætur og þú,“ Sagði hún og brosti til hans í

myrkrinu og kysst hann aftur blíðlega.

„En er þetta bara koss?“ Spurði hann.

„Ekki ef þú villt annð“ Sagði Gunna og flissaði.

„Góða nótt“ hvíslaði hún og kyssti Hrafn aftur og lokaði svo augunum.

„Góða nótt“ hvíslaði Hrafn á móti og fór svo að sofa.

Fimmta kafli:

Sagan

Fréttin um samband Hrafns og Gunnu barst eins og eldur í sinum út um allan skólann á einum morgni . Svo brutust út tvær sögur í viðbót. Önnur þeirra var sú að Guðjón og Diljá voru byrjuð saman. Hann hafði víst spurt hana fyrr um morguninn. Þau voru eitt og eftir það var nánast ekkert sem gat skilið þau að, nema náttúrulega skólatímarnir. Hinsvegar var hin sagan um Bloody Mary. Það var hann Fannar sem sagði hana.

„Já ég sko hef séð Bloody Mary í álvörunni.“
Sagði hann montinn „Ég gerði Bloody Mary og hún tók mig inn í spegilinn og hún reyndi sko að drepa mig!“

„Ohhh! Í alvöru?“ Spurði ein stelpa sem hafði verið að hlusta á söguna. „Og hvað gerðir þú? Ég meina hverning slappstu?“

„Ég? Ja, þar sem ég er svona klár þá lék ég á hana. Ég sagði að hún væri með opna buxnaklauf og viti menn... hún leit niður og á meðan hljóp ég út úr speglinum og fór út!“
Sagði Fannar, enn montnari en áður.
„Vááá hvað þú varst hugrakkur!“ Sögðu nokkrar stelpur í kór.
„En hún er í kjól! Hverning getur hún verið með opna buxnaklauf? Hún er örugglega ekki svona vitlaus.“ Kallaði einhver í þvögunni. Nú varð Fannar mjög vandræðalegur á svip.
„ja, sko, ehehe...öhhh... Er ekki alveg viss. Kannski... mmmm... eheheh... ég veit það ekki.“
Stamaði Fannar vandræðalegur.
„Ert þú kannski að ljúgi að okkur?“ sagði einhver annar.
„Ég?!... ehe.. neih, afhverju í ósköpunum heldur þú það?“ Nú varð Fannar gjörsamegla ráðalaus, hverning ætti hann eiginlega að koma sér út úr þessu? Hann ákvað að nota fyrsta ráðið sem kæmi upp í huga hans.... NÚNA!

Fannar tók á sprett út ganginn. Á meðna hann
hljóp kallaði hann til hinna krakkanna. „Ég lýg
aldrei!“

Sjötti kafli: Ekki þarf allt gott að enda vel!

Katrín, Særúnu, Fanney og Berglind eru að tala saman í matsalnum yfir kvöldmatnum. Katrín tekur upp umræðuefnið um Bloody Mary og vill endilega prófa þetta. Fanney verður dálítið kvíðin. Fanney var faguð og mjög hjátrúafull, enda af Pearl heimavistinni. Og því ástæða að hún hafi verið mikið stressuð yfir þessu. Þegar líða tók á nóttina var Katrín enn vakandi. Hún var ekki vitund þreytt og horfði á vinkonu sína, Ásrúnu, sofa hinumegin í herberginu. Hún sá hvað dökk brúna hárið hennar var renni slétt og gljáandi en það hafði ekki síkkað mikið og náði enn bara að öxlum. Katrín leit á klukkuna, hún var hálf tólf. Hún steig varlega framm úr rúminu til að vekja ekki Ásrúnu sem svaf vært í rúminu sínu og náði sér í kerti og eldspítur áður en hún smeygði sér hljóðlega út um dyrnar.

Þá var Katrín komin fram á gang á Lolly-heimavistinni. Hún rölti hljóðlegan út gangin og að baðherberginu. Þar biðu Fanney og Berglind eftir henni.

„*alveg eins og við plönuðum*“ hugsaði Katrín með sér. En Særún var hvergi sjáanleg. Þær biðu í nokkra stund og svo birtist Særún fyrir hornið.

„Ókei, kílum á 'etta!“ sagði Berglind og þær röltu inn á baðherbergið. Særún og Katrín hjálpuðust að við að kveikja á kertunum og koma þeim fyrir á vaskann. Berglind stóð þarna, var eitthvað að fikta í tyggjóinu sínu og var orðin heldur leið á að bíða.

„Umm... þú veist að við getum alltaf hætt við“ sagði Fanney varfærnislega við Berglindi.

„Sko...*smjatt smjatt* þú veist að mér alveg sama um þetta...*smjatt smjatt* Bara ef ég verð eitthvað vinsælli á þessu þá er ég cool.“ svaraði Berglind og blés stóra kúlu úr tyggjóinu.

"Þú veist það líka , er það ekki Katrín? eigum við ekki bara að hætta þessu rugli og fara aftur að sofa, klukkan er að ganga tólf." spurði Fanney

Katríni.

"Ekki að ræða það Fanney! Nú er fjörið að byrja!" svaraði hún þegar hún heyrði í stóru klukkunni í skólanum slá. Klukkan var orðin tólf.

Fanney sagði ekki meira en var strax orðin hrædd. Þegar Særún og Katrín voru búnar með kertin, gekk Katrín að ljósrofanum og ætlaði að slökkva ljósin. En þá fór Fanney að kjökra.

"Ekki slökkva!" sagði hún í bænarrómi.

"En það virkar ekki nema með slökkt ljósin." svaraði Særún.

"Hvernig veistu það?" spurði Fanney og reyndi að fá þær til að skipta um skoðun.

"Það stendur hérna." Svaraði Katrín og las upp úr bók sem hún tók með. "Þegar kalla skal á Bloody Mary skaltu standa í DIMMU herbergi og aðeins með KERTI fyrir ljós." Hún leit á Fanney sem enn var efnis, svo hún hélt áfram.

"Því næst áttu að segja Bloody Mary þrisvar sinnum og snúa þér í hringi um leið. Þá áttu að stansa og líta í spegilin og þar á hún að standa, beint fyrir aftan vinstri öxl þína." Þegar Katrín

var búin var Fanney farin að skjálfa.

"Ertu scared Fanney?" spurði Berglind hæðnilsega.

"NEI ALLS EKKI!" æpti Fanney. Hún vildi ekki að vinkonur hennar héldu að hún væri alger heigull og þyrði ekki neinu.

"Good, þá getum við byrjað." Sagði Berglind hátíðlega. "Hver ætlar að standa við spegilinn?"

"Ég var búin að panta það!" sagði Katrín og tók sér stöðu fyrir framan spegilinn og byrjaði að snúa sér í hringi.

"Bloody Mary, Bloody Mary, Bloody Mary."

Katrín stoppaði og leit fyrir aftan vinstri öxl. Hún var orðin rosalega spennt, en ekkert gerðist.

Það var ekkert í speglinum. Ekki neitt.

Sjöundi kafli: Hræðileg Mistök

Allt í einu birtist kerling í speglinum. Hún var hræðilegri en Hrafn hafði lýst henni. Hárið huldi nær allt andlit hennar en rétt sást í glóandi rauð augu og svo hræðilegt glott. Þegar Berglind lítur upp frá símanum sínum og sér kerlinguna í speglinum, líður yfir hana af hræðslu svo hún dettur með dykk á gólfið. Bloody Mary tekur kipp og lítur á gólfið. Þegar hún sér Berglindi liggja á gólfinu er hún ekki lengi að kippa höndunum að sér og dregur þar með Berglindi inn í spegilinn og þrjú kerti fljúga af bekknum og niður á gólf. En innan í speglinum rankar Berglind við sér og lítur í kringum sig. Hún sér stelpurnar og þær sjá hana. Allt í einu heldur Mary á reipi, hún smellir fingrum og á reipið birtist snara. Mary smeigði snörunni um hálsinn á Berglindi og smellti fingrum aftur og snaran

hertist sjálfkrafa að hálsinum hennar Berglindar og hún tók að liftast. Hún öskraði og æpti af lífs og sálarkröftum. Hún beit, hún klóraði og sparkaði. En ekkert gekk. Mary færði sig alltaf fimlega frá höggum hennar eins og ekkert væri. Stelpurnar öskruðu af skelfingu en þá sneri Mary sér að Katrínu. Mary klóraði út í loftið og Katrín rak upp skelfilegt sársauka óp og greip um augnasvæðið. Særún hljóp til hennar til að athuga hvað hafði gerst. Hún færði hendurnar á katríni gætilega frá augunum. Þegar Særún sá hvað hafði komið fyrir Katríni öskraði hún. Katrín leit í spegilinn fyrir framan sig. Hún sá þrjá djúpa skurði yfir augnasvæðinu og annað augað var... var horfið. Katrín öskraði og grét af skelfingu en Mary var fljót að þagga niður í henni. Hún sló út í loftið og rotaði þar með Katríni og dró hana svo inn í spegilinn á sama hátt og hún hafði dregið Berglindi. Særún æpti og var farin að gráta af skelfingu þegar Mary teigði fram hendurnar og kreisti þær saman. Særún tók um hálsinn og stuttu seinna fór hún

að liftast upp frá jörðu, hægt og rólega. Hún sparkaði og barði frá sér en án árangurs og eftir litla stund var hún hætt að hreyfa sig. Hún var dain og Mary kastaði henni inn í spegilinn til hinna. En á meðan á þessu stóð hafði Fanney staðið þarna lömuð af skelfingu. Fæturnir vildu ekki bifast, það var eins og hún væri límd við gólfið. En þegar Særúni hafði verið kastað inn í spegilinn hafi hún gefið frá sér lítið óp sem fangaði athygli Mary. En áður en hún gat gert nokkuð var eins og fæturnir á Fanney hefðu lifnaði við, hún sparkaði í spegilinn sem Mary var í, svo hann hristist allur og tók svo á sprett út ganginn.

Áttundi kafli: Fanney í neyð

Fanney hljóp eins og hún ætti lífið að leysa, sem hún reyndar gerði. Hún hljóp og hljóp, án þess að hugsa um hvert hún væri að fara, en allt í einu stansaði hún. Hún var komin á Bloody-heimavistina. Hún hljóp eins og vitlaus væri með fram ganginum, öskrandi og gargandi.

Krakkarnir fóru að tínast fram á ganginn til þess að athuga hvað væri í gangi og hver væri með þennan hávaða um miðja nótt. Þegar þau sáu Fanneyju hlaupa fram og til baka á ganginum voru allir gáttaðir á svip.

"Fanney! , hvað er eiginlega í gangi, klukkan er hálf eitt?!" spurði Ásrún. "Og hvar er eiginelga Katrín, hún er ekki rúminu sínu?"

"Umm... Bað...Spegill...Kerling... Rarr!!...Allir öskra... Allir gráta...Allir hræddir... AAA... Meira hræddu... Hlaupa!!!... Hvar er Hrafn?!?!?!?"

Stamaði Fanney , öskrandi.

"Haa? Um hvað ertu að tala?"

"Ertu eitthvað brjáluð!?"

"Hvaða lyf tókst þú eiginlega!?"

"What the fuck?"

"Þú ert eitthvað Biluð!"

Þetta fór að óma frá mannfjöldanum sem var búinn að safnast saman á ganginum. Loks komu Hrafn og Gunna fram á gang. Þegar Fanney sá Hrafn hjóp hún til hans og tók í peysuermina hans og dró hann áfram, og í áttina að stelpna baðherberginu. Þegar þau komu að baðherberginum snarstoppaði Hrafn.

"Komdu!!" Kallaði Fanney, hún stóð allveg við dyrnar. "Ertu brjáluð? Ég fer ekki inn á stelpna baðherbergið!!" Sagði Hrafn hneykslaður.

"Já ég veit ... en þú verður samt að koma" Sagði hún og var orðin dálítið pirruð á honum, skildi hann ekki alvara málsins. Hún þreif í hann og dór hann inn á baðherbergið. En þegar þau komu inn fraus Fanney í sporunum.

Allt var eðlilegt.

"Hvað var þetta sem þú ætlaðir að sýna mér?"
spurði Hrafn hana. Honum fannst heldur
óþægilegt að vera á stelpnabaðherberginu og
vildi komast út sem fyrst.

"Horfið..." Stundi Fanney og hneig niður á hnén.
Gunna kom hlaupandi til þeirra lafmóð.

"Hvað... er ... að?" Spurði hún og leit á Hrafn
sem horfði á hana á móti, hann var ringlaður á
svip.

"En... en ég skil ekki... þær eru horfnar, bara ...
horfnar.. Helvítis Kerlingin!!" Æpti Fanney og
brast í grát.

"Hver tók hverja?" Spurði Gunna undrandi.

"Vinkonur mínar... eru horfnar" sagði Fanney
grátandi.

"Vinkonur þínar? voru þær hér? " Spurði Hrafn
og leit í kringum sig.

"Mhm..." Svaraði Fanney lágt Hrafn leit aftur í
kringum sig til að vera viss um að ekkert hefði
farið framhjá honum. Hann leit á bekkinn við
hliðina á vaskinum. Þar voru nokkur kerti sem
var greinilega nýbúið að slökkva á og þrjú þeirra

lágu á gólfinu.

Það fór að berast ómur frá ganginum og krakkarnir ruddust inn hvert á fætur öðru til að sjá hvað væri í gangi. Allt í einu mundi Hrafn eftir draumnum sínum sem hann dreymdi fyrir tveimur vikum síðan en sagði ekkert þar sem allir voru kominr inn og spurðu endalaust hvað væri eiginelga í gangi. Hann og Gunna hjálpuðu Fanney á fætur. Fanney stóð þarna grafkyrr í smá stund með tárin í augunum en tók svo á sprett út. Hrafn sleppti í því að elta hana. Hann vissi að henni langaði að vera einni í smástund.

Níundi kafli: Eitt sinn vinur ávalt vinur?

Hrafn sefur inní herbergi og klukkan rétt rúmlega tólf 12 að hádegi þegar Atli ryðst inn, skjálfandi og niðurlútur og pínu eins og hann hafi verið að gráta. Hrafn hrekkur upp undrandi, lítur upp og sér Atla standa í dyrunum.

"Atli er ekki allt í lagi?" spurði Hrafn hálf sofandi Atli spígsporar um herbergið, talandi við sjálfan sig. Hann veit ekki hvort hann eigi að standa eða sitja, horfa upp eða niður. Hrafn sest upp í rúminu, nuddar stírnar úr augunum og togar svo í Atla sinn til að fá hann til að setjast niður svo Atli sest á rúmstokkinn hjá Hrafni.

"Viltu segja mér hvað er í gangi?" spyr Hrafn.

"Sko, ég veit ekki hvernig ég á að segja þér þetta eða hvort ég ætti hreinlega að segja þér þetta. Nei ég þarf ekkert að segja neitt, þú munt hata mig eða æjji ég veit ekki kannski bara...." Atli

komst ekki lengra því Hrafn greip frammí fyrir honum.

"Gerðu það segðu mér bara hvað gerðist??"

"Sko..." byrjar Atli "Í gærkvöldi var ég bara einn inni í herbergi eins og vanalega þegar að það er bankað á hurðina hjá mér. Ég opna hurðina og Gunna stendur fyrir utan. Hún ýtir mér inn áður en ég get sagt orð og lokar svo hurðinni. Hún ýtir mér í áttina að rúminu mínu svo ég fell niður og hún kemur til mín. Mér brá svo mikið Hrafn ég vissi ekki hvað ég átti að gera, það var eins og ég gæti ekki gert neitt eða sagt neitt. Gunna fór að gefa í skyn að hún vildi mig. Ég reyndi að ýta henni í burtu og... það gerðist ekkert ég lofa. Ég hennti henni út um leið og ég gat og... mér þykir þetta svo leitt Hrafn, ég vildi að þetta hefði ekki.. ég vona bara að þú trúir mér.

Hrafn trúði ekki sínu eigin eyrum. Gunna myndi aldrei gera eitthvað svona. Hann þekkti Gunnu, þetta var ekki líkt henni. En aftur á móti myndi Atli aldrei ljúga að honum, besti vinur hans.

Svo mundi Hrafn ekki eftir því að Gunna hafði komið aftur inní herbergi kvöldið áður. Hann hafði greinilega sofnað stuttu eftir að Gunna fór á klósettið. Hann var að sjá það núna að þegar hann vaknaði var Gunna ekki í rúminu. Atli var kom með svo miklum látum inn að hann hafði ekki tekið eftir því. Hrafn var orðlaus. Hann starði bara á gólfið opinmyntur og sagði ekki orð.

"Æjji gerðu það segði eitthvað við mig... Gerðu það ekki hata mig, þetta var ekki mér að kenna." sagði Atli vesældarlega. Hrafn sagði ekki neitt en eftir smá stund stóð hann á fætur og strunsaði út. Eftir sat Atli glottandi.

Tíu kafli: Það eru trær hliðar af hverri sögu

Daginn áður en þetta gerðist:

Hrafn og Gunna eru að kúra inni í herbergi, kvöldmaturinn var að enda og þau voru að hafa það kósý og spjalla saman.

"Hey Gunna, manstu eftir þessu þarna með Fanneyju og baðherbergið?" spyr Hrafn.

"Já, hvað með það?" svarar Gunna.

"Og manstu eftir draumum mínum um stelpurnar á baðherberginu?" spyr Hrafn aftur.

"Já" Svarar Gunna . "Heldur að það sé eitthvað samhengi þar á milli?" spyr Gunna undrandi.

"Já, manstu ekki eftir því sem Fanney sagði á baðherberginu, áður en allir fóru að koma inn?"

"Vinkonur mínar eru horfnar" segir Gunna upp eftir Fanneyju. "Ertu að meina það?"

"Og hún minntist líka á einhverja kerlingu." svara Hrafn.

"Okey, þetta er farið að hræða mig, ég ætla á

klósettið." sagði Gunna, stóð upp, kyssti Hrafn laust á kinnina og fór fram.

Hrafn sat hugsí eftir.

Gunna labbar eftir ganginum í átt að baðherbeginu þegar einhver grípur aftan í hana og ýtir henni upp að veggnum og króar hana af. Gunnu bregður en sér svo að þetta er Atli, hún ættar að fara að spurja hann hvað sé eiginlega í gangi þegar Atli hvessir augunum á hana og hvíslar til hennar.

"Þetta er allt þér að kenna!"

"Hvað meinaru Atli?" spyr Gunna þínu taugaóstyrk "Hvað er eiginlega í gangi?" Atli færir sig nær henni.

"Síðan þið Hrafn byrjuðuð saman höfum ég og hann varla hist, þú ert að taka hann frá mér!"

"Atli láttu ekki svona þú og Hrafn eruð bestu vinir" segir Gunna "Ég gæti aldrei tekið hann frá þér"

"Víst! það er þér að kenna að Hrafn stóli ekki lengur á mig og líti varla á mig sem besta vin sinn lengur" segir Atli reiður. "Veistu hversu

erfitt þetta hefur verið, með hverjum degi sem líður fjalægjumst við bara og ég veit að á endanum þá hættir hann að tala við mig og það er allt útaf þér" Gunna er orðin vilkilega óróleg og ættlar að koma sér burt en Atli heldur henni fastri. Í skelfingu sinni ættlar Gunna að kalla á hjálp en Atli tekur fyrir munninn á henni.

"Usss, engin læti eða þú munt hafa verra af" hvíslar Atli meðan hann strýkur hendinni upp eftir lærinu á Gunnu. Gunna byrjar að kjökra og tár leka niður kinnarnar. Hvað á hún eiginlega að gera. Atli ættlar að fikra sig nær en Gunna tekur viðbragð og gefur honum hnésparc í punginn. Atli hnígur niður af sársauka en á meðan tekur Gunna á sprett út ganginn og fyrir horn. Hún stoppar þegar hún er orðinn alveg um að Atli hafi ekki elt hana. Gunna hallar sér upp að veggnum, fellur í gólfið og brestur í grát. Dilja er að labba eftir ganginum á leið sinni frá Guðjónu þegar hún tekur eftir Gunnu liggjandi á gólfinu og hleypur til hennar.

"Gunna mín er ekki allt í lagi?" spyr Dilja. Henni

bregður þegar hún heyrir að Gunna sé grátandi. Diljá hjálpar Gunnu að standa á fætur og leiðir hana að herberginu sínu. Diljá gengur inn og til mikillar lukkur er Eypór herbergisfélaginn hennar einhverstaðar annarstaðar svo hún togar Gunnu inn og fær hana til að setjast niður. Gunna segir Diljá frá því sem gerðist og Diljá hlustaði á agndofa. Hún trúði ekki sínum eigin eyrum. Þegar Gunna hefur sagt henni allt og hætt að gráta spyr hún Diljá

"Mætti ég gista hérna, bara í nótt?"

"Auðvitað máttu það" svarar Diljá og fer að ná í dýnu á gólfið fyrir Gunnu.

Daginn eftir þegar klukkann er kannski rétt að detta í hálf 1 að hádegi eru Gunna og Diljá ennþá sofandi en frammi á Bloody-heimarvistinni hljóp Hrafn eftir ganginum, hann var með tár í augunum, bæði af reiði og sorg. Hann fór því fyrir mistök inn á stelþna klósettið. Hann var sár, leiður og reiður allt á sama tíma. *"Vill Gunna í alvöru frekar vera með Atla en mér? Ég skil hana ekki. Er ég ekki nógu góður*

fyrir hana" Hugsar Hrafn. Hann var að springa. Hann varð að fá einhverja útrás fyrir allar þessar tilfinningar sem hjarta hans bar. Hann labbaði fram og til baka á baðherberginu. En hann tók ekki eftir rauðum augum í speglinum, sem fylgdu honum hvert fótstap. Eftir smá stund tók Hrafn viðbragð og kýldi af öllum kröftum í baðherbergisspegilinn. Spegilinn fór í milljónir mola sem dreifðust yfir allt gólfid og bekkinn. Hrafn áttaði sig ekki á því hvað hann hafði gert fyrr en hann fann fyrir nístandi sársauka í hnefanum. Hann leit á höndina og sá að hún var öll út í blóði og glerbrotum. Sársaukinn var svo mikill að hann gleymdi öllu öðru og hann hljóp út á gang.

En inn á baðinu gerðist svolítið skrítið því allt í einu fór að myndast reykur. Reykurinn fyllti loftið og svo fóru glerbrotin sem lágu um allt að lyftast upp. Þau fóru að snúast í hringi, hraðar og hraðar. Þannig að það myndaðist einhverskonar hvirfilbylur.

Þegar hægja fór á bylnum fór að sjást í eitthvað

fyrir innan. Fyrst var það óskýrt en svo tók það
að skýrast. Hægt og rólega alveg þangað til að
öll glerbrotin höfðu komist í snertingu við gólfið.
Þarna stóð hún, í öllu sínu veldi og með sitt
hræðilega glott og í rifna blettótta kjólnum.
Bloody Mary var komin í skólann og nú
raunverulegri en nokkru sinni fyrr.
Hún var reið... Virkilega reið.